

Handbók Knattspyrnufélags Akureyrar
Aðalstjórn

Efnisyfirlit

1	Skipulag félags	3
1.1.	LÖG KNATTSPYRNUFÉLAGS AKUREYRAR	3
1.2	Skipurit	6
1.3	Skipulag og stefna	6
1.4	Siðareglur KA	7
1.5	Persónuverndarstefna KA	8
2.	Umgjörð þjálfunar og keppni	11
3.	Fjármál og rekstur	13
4.	Þjálfarar	14
5.	Félagsstarf	14
6.	Foreldrastarf	14
7.	Fræðsla og forvarnir	15
8.	Jafnréttismál	15
9.	Umhverfismál	16

1 Skipulag félags

1.1. LÖG KNATTSPYRNUFÉLAGS AKUREYRAR

LÖG KNATTSPYRNUFÉLAGS AKUREYRAR - samþykkt á aðalfundi KA 10.4.2019

1. gr.

Félagið heitir Knattspyrnufélag Akureyrar, skammstafað K.A. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.Tilgangur félagsins er að vinna að eflingu íþróttastarfsemi á Akureyri, glæða áhuga almennings á gildi íþróttar og virkja sem flesta til þátttöku í þeim.

3. gr.Merki félagsins er rauður skjöldur á bláum skildi. Á rauða skildinum er gylltur eða hvítur knöttur og ofan hans standa bókstafirnir KA í hvítum lit. Um skildina er hvítur rammi. Aðalkeppnisbúningur félagsins skal vera gulur og blár. Aðalstjórn er heimilt að útfæra breytt form á merki félagsins sem notast má við í tilteknum tilvikum.

4. gr.Allir iðkendur, stjórnarmenn deilda og starfsmenn félagsins teljast félagsmenn. Einnig getur hver sá orðið félagi, er sækir skriflega um inngöngu og gangast vill undir lög þess.

Framkvæmdastjóri skal halda félagaskrá á tölvutæku formi yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir meðlimir þess.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til skrifstofu félagsins sem jafnframt sér um innheimtu árgjalda.

5. gr.Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjaldið rennur í aðalsjóð félagsins.

Aðalstjórn getur kjörið heiðursfélaga úr röðum félagsmanna. Heiðursfélagar eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

6. gr.Knattspyrnufélagi Akureyrar skal skipt í deildir. Fjöldi deilda fer eftir fjölda íþróttagreina sem hjá félaginu eru stundaðar. Aðalstjórn félagsins skal vinna eftir skipuriti sem endurskoðað skal eftir þörfum.

Hver deild skal vera fjárhagslega sjálfstæð og annast daglegan rekstur innan þess ramma sem aðalstjórn og fjárhagsráð setur hverju sinni. Hver deild hefur tekjur af ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein svo og annarri fjáröflun sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda. Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi eða félagsfundi, sbr. 22. gr., og skal studd greinargerð frá aðalstjórn.

7. gr.Aðalstjórn skal skipa þrjú menn í fjárhagsráð til tveggja ára í senn. Hlutverk fjárhagsráðs er að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda félagsins. Rekstraráætlanir deilda skulu lagðar fyrir fjárhagsráð til samþykktar amk. tveimur mánuðum fyrir upphaf keppnistímabils viðkomandi deildar. Aðalstjórn setur nánari reglur um starfsemi fjárhagsráðs.

8. gr.Aðalfund félagsins skal halda ekki síðar en 30. apríl ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta vald innan félagsins og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Aðalfund skal auglýsa opinberlega með minnst 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

9. gr. Dagskrá aðalfundar

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun árgjalda

7. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda - skoðunarmanna.

8. Kosning nefnda.

9. Önnur mál.

10. gr.Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi. Þó öðlast lagabreytingar því aðeins gildi að þær hljóti samþykki tveggja þriðju hluta þeirra sem atkvæði greiða, enda taki fullur helmingur þeirra, sem á fundi eru, þátt í atkvæðagreiðslunni. Tillögur til breytinga á lögum félagsins, undirritaðar af flutningsmönnum, skulu sendar aðalstjórn 8 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Sami frestur gildir um framboð til stjórnar. Aðalstjórn félagsins skal auglýsa tillögur um lagabreytingar með minnst viku fyrirvara. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar, sé þess óskað. Falli atkvæði jöfn skal kosning endurtekin einu sinni. Verði þá aftur jafnt skal hlutkesti ráða.

11. gr.Allir skuldlausir félagsmenn 18 ára og eldri hafa atkvæðisrétt, málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi til stjórnarstarfa á aðalfundi félagsins.

12. gr.Félagsfund skal halda ef aðalstjórn telur nauðsynlegt eða ef 10 af hundraði atkvæðisbærra félaga óska þess. Óskir um félagsfund skulu berast aðalstjórn skriflega auk þess sem tilgreina þarf fundarefni það sem ræða skal. Félagsfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um félagsfund eru þær sömu og um aðalfund að undanskildum lagabreytingum og stjórnarkjöri.

13. gr.Aðalstjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Allir félagsmenn félagsins sem eru fjárráða geta boðið sig fram til stjórnarstarfa. Formaður félagsins getur ekki á sama tíma verið formaður deildar. Kjörtímabil stjórnar er milli aðalfunda. Á aðalfundi skal einnig kjósa einn varamann stjórnar og tvo endurskoðendur (skoðunarmenn) reikninga félagsins og einn til vara. Formaður skal jafnan boða varamann til fundar.

Varamaður hefur ávallt rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Aðalstjórn skal boða formenn hvernar deildar á stjórnarfundum og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á þeim fundum. Formenn deilda geta sent fulltrúa sinn á aðalstjórnarfundum séu þeir forfallaðir.

14. gr.Aðalstjórn skal semja ársreikning félagsins og stjórnir deilda ársreikninga hvernar deildar. Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningskilavenju. Hann skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Í ársreikningi skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar og í honum skal koma fram yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar félagsins.

Fyrir upphaf hvers starfsárs skulu stjórnir deilda gera fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem skal lögð fyrir aðalstjórn til samþykktar. Fjárhagsáætlun sem aðalstjórn hefur samþykkt skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn félagsins á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu félagsins og hvernar deildar.

15. gr.Formaður boðar til stjórnarfundar, svo oft sem hann telur nauðsynlegt eða ef einhver stjórnarmaður óskar þess. Stjórnarfundir eru löglegir ef meirihluti stjórnar er mættur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns.

16. gr.Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess útávið. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins innávið og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

17. gr.Aðalstjórn veitir, að höfðu samráði við stjórnir deildanna, viðurkenningar fyrir íþróttárangur eða störf í þágu félagsins, samkvæmt sérstakri reglugerð, sem samþykkt skal á aðalfundi.

18. gr.Meirihluti stjórnar félagsins ritar firma þess. Stjórn félagsins er heimilt að veita prókúruumboð og eru allar fjárskuldbindingar félagsins og deilda þess háðar samþykki prókúruhafa. Óheimilt er að

skuldbinda félagið eða deildir þess með persónulegum ábyrgðum einstaklinga. Allar meiriháttar eða óvenjulegar ráðstafanir gerðar í nafni Knattspyrnufélags Akureyrar eða deilda þess skulu bornar undir stjórn fyrirfram til samþykktar.

19. gr. Framkvæmdastjóri er ráðinn af aðalstjórn og starfar í umboði hennar.

Framkvæmdastjóri ræður allt annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem aðalstjórn hefur gefið. Hann hefur umsjón með gerð rekstraráætlana fyrir félagið og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá aðalstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana aðalstjórnar án verulegs tjóns fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal aðalstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Aðalstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

20. gr. Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmati fundar, dagskrá og atkvæðagreiðslur sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfund deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar sem halda skal fyrir lok apríl ár hvert skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar. Óski deild eftir að halda aðalfund að loknu keppnistímabili þeirrar deildar skal beiðni um slíkt send aðalstjórn sem samþykkir eða synjar beiðni deildar. Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

21. gr. Vanræki ípróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

22. gr. Komi fram óskir meðal félagsmanna um stofnun nýrrar ípróttadeildar innan félagsins, skal senda aðalstjórn félagsins þær skriflega. Er stjórninni þá skylt að leggja tillöguna fyrir á félagsfundi eða fyrir næsta reglulegan aðalfund félagsins. Samþykki aðalfundur eða félagsfundur stofnun nýrrar deildar, með tilskildum meirihluta skv. 10. gr., skal aðalstjórn sjá um að boða til stofnfundar, sem skal fara fram eftir reglum þeim sem gilda um aðalfundi deilda.

23. gr. Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fund með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

Fulltrúar aðalstjórnar hafa rétt til að sitja alla fundi félagsins og deilda þess. Hafa aðalstjórnarmenn málfrelsi og tillögurétt á fundum deilda félagsins. Alla stjórnarfundir innan félagsins sem og félags- og aðalfundi, skal skrá í fundargerðarbækur.

24. gr. Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.


25. gr. Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, eru sameign félagsins. Hætti ípróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og önnur gögn sem varða starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

26. gr. Hafi meðlimur félagsins brotið samþykktir þess með framkomu sinni, hnekk álit félagsins og markmiði verulega, skal honum hegnt með brottrekstri úr félaginu samkvæmt ákvörðun aðalstjórnar. Úrskurður hennar er því aðeins gildur að minnsta kosti 4/5 aðalstjórnar sé honum samþykkir. Skylt er aðalstjórn að boða hinn brotlega á sinn fund og gefa honum kost á að tala máli sínu.

27. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

1.2 Skipurit

Skipurit Knattspyrnufélags Akureyrar byggir á lögum félagsins þar sem kveðið er á um deildarskiptingu. Deildir félagsins eru sjálfstæðar með sjálfstæða stjórn þó svo að eftirlit og ábyrgð á félaginu í heild sinni heyri undir aðalstjórn. Svið félagsins eru 2, rekstrarsvið og íþróttasvið. Framkvæmdastjóri félagsins er ráðinn af aðalstjórn og starfar í umboði hennar.



Aðalstjórn félagsins styður við og fylgir eftir að stjórnendur vinni eftir skráðu skipuriti og að öflugt samstarf sé milli deilda, ráða og sjálfboðaliða.

1.3 Skipulag og stefna

Stefnumótun Knattspyrnufélags Akureyrar er unnin undir umsjón aðalstjórnar félagsins. Stefna og markmið félagsins er endurskoðuð með reglubundnum hætti þar sem gætt er að því að þátttaka deilda og félagsmanna sé þverskurður félagsins. Hver deild mótar eigin stefnu byggða á skipulagi og markmiðum

félagsins þar sem mið er tekið af helstu markmiðum Knattspyrnufélags Akureyrar. Aðalstjórn félagsins styður við og fylgir eftir að unnið sé eftir skrásettum stefnum og markmiðum félagsins og að hver deild vinni að markmiðasetningu fyrir innra starf sinnar deildar.

Knattspyrnufélag Akureyrar er íþróttafélag með fimm deildir: blakdeild, handknattleiksdeild, knattspyrnudeild, júðódeild og spaðadeild. Félagið starfar innan vébanda Íþróttabandalags Akureyrar og í samstarfi við sérsambönd viðkomandi deilda. Einnig lýtur félagið lögum og reglum ÍSí.

Starfsemi félagsins byggir á lögum þess. Meginhlutverk og markmið þess er að vinna að eflingu íþróttastarfs, glæða áhuga almennings á gildi íþróttar og virkja sem flesta til þátttöku í íþróttum og almennu félagsstarfi.

Íþróttafélagið stendur fyrir þjálfun í íþróttagrein hverrar deildar. Áhersla er lögð á að deildir félagsins eigi með sér samstarf auk þess sem stjórnendur deilda eru hvattir til aukinnar samvinnu við stjórnendur grunnskóla og annarra aðila sem hafa með hagsmuni barna- og unglunga að gera. Þannig má skapa tækifæri til íþróttaiðkunar á breiðum grunni.

Eitt af meginmarkmiðum Knattspyrnufélags Akureyrar er að sjá til þess að í félaginu séu skapaðar aðstæður þannig að einstaklingar geti eftir þroska sinn og fengið tækifæri til iðkunar þeirra íþróttar sem hjá félaginu eru stundaðar. Hér á eftir er að finna helstu markmið sem snúa að þátttöku:

- barna og unglunga
- keppnis- og afreksfólks

Meginmarkmið með þátttöku barna og unglunga

Að aðalstjórn KA og stjórnir deilda og ráða sjái til þess að:

- § þjálfarar hafi fagþekkingu með hliðsjón af menntakerfi ÍSí og sérsambanda til að stjórna og þjálfa börn og unglunga og skipuleggi íþróttastarfið við þeirra hæfi
- § þjálfarar efli á markvissan hátt ýmsa þroskaþætti barna, s.s.
- § íþróttastarf sé skipulagt á þann hátt að börn og unglingar nái tökum á þeim greinum sem hjá íþróttafélaginu eru stundaðar
- § gefinn sé kostur á að stunda keppnis- og afreksíþróttir innan hverrar deildar
- § samfara íþróttaiðkun sé unnið með aga, stundvísi og reglusemi
- § innan hverrar deildar sé sérstök námskrá sem lýtur að þjálfun hvers aldurs flokks þar sem fylgt er Barna- og unglíngastefnu ÍSí sjá til þess að í yngstu aldurflokkunum.
 - félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska
 - líkamsþroska
 - skyn- og hreyfiþroska

Meginmarkmið með keppnis- og afreksíþróttum

Að aðalstjórn KA og stjórnir deilda og ráða og þjálfarar stuðli að:

- § markvissri eflingu félagslegra þátta keppnis- og afreksfólks
- § skipulagi þjálfunar með bætta heilsu að leiðarljósi
- § aukinni fræðslu og þekkingu iðkenda á líkama og heilsu
- § því að keppnis- og afreksfólk fái góða aðhlyningu hjá ýmsum faghópum, s.s. læknum, sjúkraþjálfurum og næringafræðingum
- § því að styðja við einstaka afreksmenn eins og kostur er
- § því aðkeppnis- og afreksíþróttamenn séu góðar fyrirmyndir

Auk þess er markmið KA að

- § gefa árlega út æfinga- og keppnisáætlun fyrir alla aldurshópa
- § setja fram markmið og áherslur í þjálfun allra aldurshópa
- § hvetja stúlkur jafnt sem pílta til þátttöku í íþróttum
- § stuðla að jafnrétti í þjálfun
- § vinna eftir vímuvarnarstefnu félagsins
- § kynna árlega starfsemi félags og deilda fyrir íbúum og skólum í sveitarfélaginu

Markmið Knattspyrnufélags Akureyrar og deilda í keppnis- og afreksíþróttum er að eiga ávallt breiðan hóp afreksmanna í fremstu röð þeirra íþróttagreina sem eru stundaðar hjá félaginu.

Aðalstjórn KA skal gæta að því við skipan í stjórnir ráð og nefndir sé sem jöfnust skipan allra kynja og gefi glögga mynd af þverskurði félagsins. Gjaldgengir í stjórnir félagsins skv 11.gr laga þess eru allir skuldlausir félagsmenn 18 ára og eldri hafa þeir atkvæðisrétt, málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi til stjórnarstarfa á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn hvetur með markvissum hætti til þátttöku ungs fólks í félagsstarfi KA og hefur það á stefnu sinni að ungt fólk eigi fulltrúa í aðalstjórn félagsins hvort sem er með formlegu kjöri eða sem áheyrnarfulltrúi unga fólksins.

1.4 Siðareglur KA

Markmið siðareglna KA er að veita félagsmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, iðkendum og foreldrum almennar leiðbeiningar bæði í leik og starfi. Þær skulu vera félagsmönnum hvatning og stuðningur í starfi og sýnilegar á heimasíðu félagsins.

1. Komdu fram af heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hverskonar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misþjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. Hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.
7. Samþykktu aldrei eða sýndu ógnandi eða ofbeldisfulla hegðun eða áreiti þar með talið kynbundið og kynferðislegt og beittu þér gegn því.

1.5 Persónuverndarstefna KA

Knattspyrnufélag Akureyrar hefur sett sér Persónuverndarstefnu í samræmi við lög og skyldur félagsins, núverandi útgáfa var samþykkt af aðalstjórn félagsins 07.01.2021

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Knattspyrnufélags Akureyrar K.A.

1. Almenn

Knattspyrnufélag Akureyrar, kt.700169-4219, Dalsbraut, 600 Akureyri. (hér eftir KA) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga sem KA ber ábyrgð á og meðhöndlar í starfsemi sinni, í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd. KA ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga í starfseminni ýmist sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að veita almenna fræðslu til einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga sem KA hefur með höndum sem ábyrgðaraðili. KA mun þó einnig leitast við að veita frekari fræðslu til einstaklinga eftir þörfum, meðal annars í formi sértækrar fræðslu vegna einstakra aðgerða og í tengslum við fyrirspurnir sem berast félaginu um persónuvernd og persónuverndarstefnu þessa.

2. Um hverja safnar KA persónuupplýsingum?

Meginreglur persónuréttar fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar og að unnið sé með þær samkvæmt skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi. Einnig, að hófsemi sé gætt við skráningu persónuupplýsinga. KA leggur áherslu á að meginreglur persónuréttar séu virtar og ávallt hafðar í huga þegar persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar. Til þess að tryggja það veitir KA starfsfólki sínu reglulega fræðslu og þjálfun á því sviði. Starfsemi KA er þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að persónuupplýsingum sé safnað um mismunandi hópa einstaklinga. Sem dæmi um hópa einstaklinga sem KA safnar persónuupplýsingum um eru: Iðkendur, starfsumsækjendur og starfsmenn; tengiliðir viðskiptamanna, birgja og aðra aðila sem KA er í sambandi vegna starfsemi sinnar.

3. Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?

KA meðhöndlar meðal annars eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga í starfsemi sinni:

- Lýðfræðilegar upplýsingar um iðkendur, umsækjendur um styrki, starfsmenn og starfsumsækjendur;
- Upplýsingar um keppnisárangur iðkenda og framvindu þjálfaranáms
- Ljósmyndir af gestum á viðburðum og mótahaldi á vegum KA

- Upplýsingar tengdar ráðningarsambandi starfsmanna, meðal annars upplýsingar í ráðningarsamningi, upplýsingar vegna námskeiða, upplýsingar tengdar launaákvörðunum og greiðslu launa, m.a. heilsufarsupplýsingar tengdar orlofi og upplýsingar um stéttarfélagsaðild
- Myndbandsupptökur úr öryggismyndavélakerfi í húsakynnum KA;

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eru gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinganna.

4. Á hvaða grundvelli safnar KA persónuupplýsingum?

KA vinnur persónuupplýsingar í þágu starfseminnar og er tilgangurinn meðal annars að tryggja lögbundið hlutverk sitt sem og markmið félagsins sem er að meginmarkmiði að sjá til þess að í félaginu séu skapaðar aðstæður þannig að einstaklingar geti eft þroska sinn og fengið tækifæri til iðkunar þeirra íþrótta sem hjá félaginu eru stundaðar. KA safnar persónuupplýsingum einkum á grundvelli lagaskyldu, lögmætra hagsmuna, samninga og samþykkis skráðra einstaklinga.

Á KA hvílir lagaskylda til þess að eiga tilgreind persónugreinanleg gögn, svo sem vegna ákvæði laga t.d. bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til opinberra aðila eða sérsambanda innan ÍSÍ

5. Varðveislutími

Meginhluti þeirra upplýsinga sem safnað er í starfsemi KA eru geymdar ótímabundið enda hafa þær sögulegt gildi fyrir félagið. KA telst jafnframt afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga um opinber skjalasöfn og er þar af leiðandi óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Gögn sem ekki falla undir gildissvið laganna eru einungis geymd í þann tíma sem nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslunnar sem um ræðir eða samkvæmt ákvæðum laga. Til dæmis eru gögn sem verða til við rafræna vöktun aldrei geymd lengur en í 90 daga.

6. Öryggi persónuupplýsinga

KA leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar og tekur í því samhengi tillit til eðlis upplýsinganna sem um ræðir og umfangs. Þáttur í því er að stuðla að virkri öryggisvitund starfsmanna með reglulegri fræðslu og þjálfun. Verði öryggisbrestur sem hefur í för með sér áhættu fyrir einstaklinga mun KA tilkynna slíkt án ótilhlýðilegrar tafar til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber KA einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um slíka öryggisbresti. KA hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum hratt og vel.

7. Miðlun persónuupplýsinga og notkun vinnsluaðila

KA kann að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila vegna ýmissa ástæðna. Um þjónustuaðila getur verið að ræða, eins og upplýsingatækni- eða öryggisfyrirtæki, sem hefur aðgang að persónuupplýsingum sem KA ber ábyrgð á í tengslum við veitingu þjónustu eða til ljúka við verkefni. Þegar vinnsluaðilar eru notaðir til að ljúka ákveðnu verki eða veita þjónustu tryggir KA að aðeins sé veittur aðgangur að persónuupplýsingum sem nauðsynlegt er vegna verksins og að um ábyrgða vinnsluaðila sé að ræða sem tryggja öryggi upplýsinganna og virða reglur persónuverndar. KA kann einnig að vera skylt samkvæmt

lögum að afhenda þriðja aðila, eins og stjórnvöldum, upplýsingar sem tengjar starfi íþróttahreyfingarinnar. KA selur ekki undir neinum kringumstæðum persónugreinanlegar upplýsingar.

8. Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvaða persónuupplýsingar KA vinnur um þá og geta beint fyrirspurn um það til KA í gegnum netfangið personuvernd@ka.is. Í ákveðnum tilvikum eiga einstaklingar meðal annars rétt á að: óska eftir aðgangi að og afriti af persónuupplýsingum, að persónuupplýsingar séu leiðréttar og/eða að þeim sé eytt; að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga og takmarka; og að draga til baka samþykki fyrir vinnslu. Réttindi skráðra einstaklinga kunna að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða. KA mun verða við öllum beiðnum einstaklinga innan mánaðar frá viðtöku í gegnum framangreint netfang. Sé beiðni umfangsmikil eða flókin getur orðið töf á afgreiðslu. Tilkynnt er um slíkt og skýring gefin á töfinni. KA mun krefjast auðkenningar áður en erindi eru afgreidd til að koma í veg fyrir að upplýsingar berist í hendur óviðkomandi aðila.

9. Fyrirspurnir og kvartanir til Persónuverndar

Öllum fyrirspurnum í tengslum við persónuvernd hjá KA eða persónuverndarstefnu þessa skal beina í gegnum netfangið personuvernd@ka.is. Einnig er þó hægt að hafa samband í síma 462-3482.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu KA á persónuupplýsingum og afgreiðslu erinda er hægt að kvarta til Persónuverndar og má finna upplýsingar um slíkt ferli inn á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

10. Breytingar á persónuverndarstefnunni

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu KA: www.ka.is

2. Umgjörð þjálfunar og keppni

Stefnumið í ýmsum málaflokkum varðandi umgjörð þjálfunar og keppni.

Eitt af meginmarkmiðum Knattspyrnufélags Akureyrar er að stuðla að iðkun íþrótta fyrir keppnis- og afreksfólk. Þá er það einnig hlutverk KA að fylgjast með því að starfsemi deilda fari fram samkvæmt gildandi lögum. Knattspyrnufélag Akureyrar stefnir að því að skapa iðkendum íþrótta góðar aðstæður til íþróttaiðkunar og keppni. Í þjálfun og kennslu er leitast við að taka tillit til getu, þroska og aldurs iðkenda. Þjálfarar og stjórnarmenn starfa eftir stefnu og markmiðum félagsins

Þjálfaramenntun

Að þjálfarar sem starfa innan Knattspyrnufélags Akureyrar

- Hafi fagþekkingu á sviði þjálfunar og/eða kennslu í samræmi við kröfur sérsambanda hvernar greinar og menntakerfis Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands
- Sæki námskeið á meðan þeir starfa við þjálfun til að auka við þjálfaramenntun sína.
 - · Aðstoðarþjálfari sé til staðar þar sem það á við.
 - · Samráðsfundir þjálfara bæði innan deilda og innan félags séu haldnir.

Meginmarkmið með þátttöku barna og unglunga

Að aðalstjórn KA og stjórnir deilda og ráða sjái til þess að:

- Þjálfarar hafi fagþekkingu með hliðsjón af menntakerfi ÍSÍ og sérsambanda til að stjórna og þjálfa börn og unglunga og skipuleggi íþróttastarfið við þeirra hæfi
- Þjálfarar efli á markvissan hátt ýmsa þroskaþætti barna, s.s.félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska, líkamsþroska, skyn- og hreyfiþroska
- Íþróttastarf sé skipulagt á þann hátt að börn og unglingar nái tókum á þeim greinum sem hjá íþróttafélaginu eru stundaðar
- Gefinn sé kostur á að stunda keppnis- og afreksíþróttir innan hvernar deilda
- Samfara íþróttaiðkun sé unnið með aga, stundvísi og reglusemi
- Innan hvernar deilda sé sérstök námskrá sem lýtur að þjálfun hvers aldurs flokks þar sem fylgt er Barna- og unglíngastefnu ÍSÍ sjá til þess að í yngstu aldurflokkunum.

Meginmarkmið með keppnis- og afreksíþróttum

Að aðalstjórn KA og stjórnir deilda og ráða og þjálfarar stuðli að:

- Markvissri eflingu félagslegra þátta keppnis- og afreksfólks
- Skipulagi þjálfunar með bætta heilsu að leiðarljósi
- Aukinni fræðslu og þekkingu iðkenda á líkama og heilsu
- Því að keppnis- og afreksfólk fái góða aðhlyningu hjá ýmsum faghópum, s.s. læknum, sjúkraþjálfurum og næringafræðingum
- Því að styðja við einstaka afreksmenn eins og kostur er
- Því að keppnis- og afreksíþróttamenn séu góðar fyrirmyndir

Auk þess er markmið KA að

- Gefa árlega út æfinga- og keppnisáætlun fyrir alla aldurshópa
- Setja fram markmið og áherslur í þjálfun allra aldurshópa
- Hvetja stúlkur jafnt sem pílta til þátttöku í íþróttum
- Stuðla að jafnrétti í þjálfun
- Vinna eftir vímuevarnarstefnu félagsins
- Kynna árlega starfsemi félags og deilda fyrir íbúum og skólum í sveitarfélaginu

Markmið Knattspyrnufélags Akureyrar og deilda í keppnis- og afreksíþróttum er að eiga ávallt breiðan hóp afreksmanna í fremstu röð þeirra íþróttagreina sem eru stundaðar hjá félaginu.

3. Fjármál og rekstur

Heilbrigður rekstur, upplýsingagjöf og eftirlit með rekstri eru mikilvægir þættir í rekstri KA. Félagið starfar samkvæmt lögum félagsins og ber að færa bókhald og skila ársreikningum samkvæmt lögum, reglum og

góðri reikningsskilavenju. Félagið skipar 3 einstaklinga í fjárhagsráð til 2 ára í senn. Hlutverk fjárhagsráðs er að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda félagsins. Aðalstjórn KA er ábyrgðaraðili fjármála félagsins.

Aðalstjórn KA, stjórnir deilda og ráða skulu hafa eftirfarandi hluti í huga við fjármálastjórn sína:

- Að bókhald yngri og eldri flokka hverrar deildar sé aðskilið.
- Að allir starfsmenn félagsins séu launþegar.
- Að bókhald deilda sé aðskilið.
- Laun þjálfara miðast við menntun, reynslu og ábyrgð þjálfara hverju sinni.
- Tryggt sé að laun þjálfara séu sambærileg og sanngjörn óháð kyni þjálfara/iðkenda.
- Allir starfsmenn félagsins skulu vera með skriflega ráðningarsamninga.
- Markmið skal vera að hafa uppfærðar upplýsingar um fjölda iðkenda deilda hverju sinni.
- Eingöngu innheimtufulltrúi og gjaldkerar viðkomandi deilda skulu hafa aðgang að upplýsingum um greiðslustöðu iðkenda félagsins.
- Innheimtuaðgerðir skulu ávallt beinast að forráðarmönnum iðkenda undir 18 ára aldri, en ekki iðkendunum sjálfum.
- Minni fjáraflanir á vegum félagsins skulu vera samþykktar af íþróttastjóra félagsins til að tryggja að deildir/flokkar séu ekki margar í sömu fjáröfluninni.
- Leita þarf heimildar hjá framkvæmdastjóra fyrir stærri fjáröflunum.
- Starfsfólk aðalstjórnar sér um greiðslu reikninga og bókhald fyrir félagið í heild sinni.

Aðalstjórn KA, stjórnir deilda og ráða skulu hafa eftirfarandi hluti í huga við fjárhagsáætlun sína:

- Að nákvæm fjárhagsáætlun sé gerð fyrir félag og deildir.
- Að markvisst eftirliti sé með áætlanagerð félags og deilda og að endurskoðun sé virk og fari reglulega fram.
- Fjárhagsáætlun og kynning á henni skal fara fyrir fjárhagsráð félagsins á hverju ári.
- Fjárhagsáætlun deilda skal skila til fjárhagsráðs fyrir upphaf hvers keppnistímabils.
- Framkvæmdastjóri félagsins, fyrir hönd aðalstjórnar hefur eftirlit með gerð og framlagningu fjárhagsáætlun allra deilda og er deildum innan handar áður en fjárhagsáætlun er lögð fyrir fjárhagsráð félagsins.

4. Þjálfarar

Stefna KA er að þjálfarar hafi menntun samkvæmt kröfum ÍSí. Félagið hvetur til þess og styður við að þjálfarar sækji sér menntun sem og endurmenntun. Þjálfun þarf að vera skipulögð og markviss og taka mið af viðkomandi íþróttagrein sem og þarfa einstaklinga og hópa. Mikilvægt er að þjálfarar hafi

þekkingu og færni til að leiðbeina iðkendum og hafi aðgengi að góðum leiðbeiningum og eða stefnu félagsins t.d. Þjálfarastefnu ÍSÍ.

Þjálfarar hjá KA eru fyrirmyndir iðkenda sem og annara og skulu þekkja verkferla félagsins er varða umgengni, samskipti og reglur. Hver deild félagsins er sjálfstæð en í samstarfi við aðalstjórn setur menntunar og hæfniskröfur starfsmanna viðkomandi deildar. .

5. Félagsstarf

Eitt af meginhlutverkum KA er að virkja sem flesta til þátttöku í almennu félagsstarfi.

Aðalstjórn gerir það með virkri viðburðaáætlun sem og með hvatningu til deilda, ráða og þjálfara að huga að og tryggja að félagsstarf annað en hefðbundið íþróttastarf fari fram með reglubundnum hætti. Meðal aðgerða aðalstjórnar KA til að hvetja til félagsstarfs eru að:

- Aðalstjórn skipar viðburðanefnd í kjölfar aðalfundar. Viðburðanefnd skipuleggur og heldur almenna viðburði fyrir félagsmenn með reglubundnum hætti.
- Fastir viðburðir aðalstjórnar eru afmælishátíð KA í Janúar ár hvert. KA dagurinn að vori ár hvert og umhverfisdagur KA að hausti ár hvert.
- Aðalstjórn hvetur deildir, ráð og þjálfara til að gera og innleiða áætlanir um félagsstarf í kennsluáætlanir hvers árs.
- Aðalstjórn vinnur að og heldur viðburði sem teljast jákvæðir fyrir ímynd félagsins og íþróttastarf s.s. afmæli félags, uppskeruhátíðir sem og aðra viðburði sem efla félagsanda.
- Aðalstjórn hvetur til þátttöku eldri félagsmanna með skipulögðum viðburðum.
- Aðalstjórn veitir félagsmönnum viðurkenningar fyrir störf í þágu félagsins. Veitt eru heiðursmerki, gullmerki, silfurmerki og bronsmerki KA á afmælishátíðum félagsins.

6. Foreldrastarf

Hlutverk sjálfboðaliða, foreldra sem og annara er lykilatriði í rekstri Knattspyrnufélags Akureyrar.

Aðalstjórn KA leggur áherslu á að deildir hvetji til foreldrasamstarfs og eigi í góðum samskiptum við forráðamenn iðkenda félagsins. KA fylgir því eftir með því að:

- Stuðla að því að virk foreldraráð séu í öllum flokkum yngri iðkenda
- Deildir félagsins upplýsi foreldra um helstu markmið og stefnur félagsins og deilda.
- Vinna að því að fá foreldra til starfa að félagsmálum innan félagsins.
- Setja starfsreglur vegna foreldrastarfs sem ráð hverrar deildar vinnur eftir.

Megin verkefni foreldraráð er:

Að vera tengiliður milli iðkenda, foreldra og þjálfara KA.

Að sinna verkefnum er tengjast mótahaldi, keppnisferðum og fjáröflunum

Að skipuleggja félagsstarf utan hefðbundna æfinga sem stuðlar að eflingu og uppbyggingu hóps

7. Fræðsla og forvarnir

KA ber að starfa í samræmi við stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga og hafa áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Félagið skal starfa eftir íþróttastefnu Akureyrarbæjar, íþróttanámskrá ÍBA og fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Faglegt starf tekur mið af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga. Aðalstjórn KA hefur samþykkt og vinnur eftir viðbragðsáætlun gegn einelti, jafnréttisáætlun og siðareglum sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Þá hefur aðalstjórn KA komið sér upp verkferlum vegna kynferðislegrar áreitni.

Til þess að fylgja eftir fræðslu og forvörnum KA leggur aðalstjórn áherslu á að stjórnir deilda, ráða og þjálfarar

- Vinni eftir forvarnarstefnu ÍSÍ
- Standi fyrir fræðslu fyrir iðkendur og foreldra um gildi íþróttar og ýmsa þætti þeim tengda s.s. næringu, svefn og hvíld.
- Tryggt sé að haldnir séu fyrirlestrar fyrir iðkendur og félagsmenn.
- Leiti eftir fræðslu frá og í samvinnu við sérmenntað fólk og stofnanir þeim tengdum varðandi forvarnir á ýmsum sviðum.
- Þekki og vinni eftir samþykktum stefnum félagsins, persónuverndarstefnu, siðareglum, jafnréttisáætlun og viðbragðsáætlun gegn einelti.
- Samráðsfundir þjálfara bæði innan deildar og innan félags séu haldnir.

Aðalstjórn KA leggur áherslu á og vill tryggja að neysla áfengis, tóbaks eða ólöglegra efna eiga aldrei samleið með íþróttum. Til þess vill KA efla forvarnarhlutverk sitt með því að:

- Fræða félagsmenn, iðkendur og starfsmenn um forvarnir
- Skapa öflugar fyrirmyndir barna og ungmenna
- Hvetja til heilbrigðs lífsstíls

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s. Þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi. (39 gr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna). Kynferðisleg áreitni/ofbeldi getur verið líkamleg, bundin í orð eða táknað. Vakni grunur um kynferðislega áreitni innan félagsins er viðbragðsáætlun virkjuð. Tilkynning getur verið munnleg eða skrifleg og jafnt komið á framfæri við framkvæmdastjóra eða aðra trúnaðarmenn félagsins. Viðbragðsáætlun tekur mið af viðbragðsáætlun og fræðslu ÍSÍ sem og viðbragðsáætlun Barnaverndar

Eyjafjarðar, <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/velferd-og-fjolskyldan/born-og-unglingar-forvarnirvinnuskoli/barnavernd>

8. Jafnréttismál

Aðalstjórn KA hefur komið sér upp og samþykkt jafnréttisáætlun sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlun er jafnframt byggð á vinnu ÍSÍ og Jafnréttisstofu. Jafnréttisáætlun KA er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.ka.is

Meðal þess sem fram kemur í jafnréttisáætlun KA er að félagið:

- Stuðli að greiðum aðgangi beggja kynja að þeim íþróttum sem hjá félaginu eru stundaðar
- Stuðli að því að bæði drengjum og stúlkum séu kynntar þær greinar sem stundaðar eru hjá félaginu
- Stuðli að því að skapa öllum jafna möguleika á að stunda íþróttir innan félagsins
- Gæti að samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum
- Gæti að jafnrétti í umfjöllun á milli kynja
- Gæti að því að verðlaun og viðurkenningar séu sambærilegar á milli kynja
- Vinni gegn staðmyndun kynjanna
- Komi í veg fyrir kynbundið ofbeldi, og kynferðislega áreitni
- Gæti vel að menntun þjálfara og að þjálfarar njóti sömu eða sambærilegra kjara fyrir sambærileg eða sömu störf.
- Gæti að kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins

Aðalstjórn KA hefur komið sér upp viðbragðsáætlun gegn einelti. KA telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í íþróttaiðkun sinni. Samskipti eiga að einkennast af gagnkvæmri virðingu og kurteisi. KA leggur einnig áherslu á að samskipti séu jákvæð og uppbyggileg. Viðbragðsáætlun KA gegn einelti er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.ka.is

Komi upp grunur um einelti skal þjálfara eða starfsmanni KA taka við tilkynningu um grun um einelti. Tilkynning er skráð og skilað til fagráðs sem fer yfir tilkynninguna.

Fagráð um eineltismál tryggir að rannsóknarvinna fari af stað samkvæmt verkferlum eineltisáætlunar. Ef grunur um einelti er staðfest skal fagráð um eineltismál tryggja að verkferli um úrlausn eineltismála fari af stað samkvæmt viðbragðsáætlun um einelti.

9. Umhverfismál

Knattspyrnufélag Akureyrar vill starfa í góðri sátt við umhverfi sitt og samfélag. Almennt er farið eftir gildandi stefnu ÍSÍ og samningum við Akureyrarbæ í umhverfismálum.

Félagið hvetur notendur mannvirkja á félagssvæði KA til að ganga vel um öll íþróttamannvirki, búnað og áhöld.

Félagið mótar sér stefnu í umhverfismálum sem miðar að því að flokka úrgang sem og að leitast við að nota umhverfisvænar rekstrarvörur þar sem það á við.

Félagið safnar reglulega einnota umbúðum í nærumhverfi sínu og skilar til endurvinnsluaðila.

Félagið hvetur til umhverfisvænna samgangna sé þess kostur.

Félagið hvetur til þess að iðkendur noti frístundarútur og eða aðra umhverfisvæna samgöngumáta.

Félagið leggur áherslu á að fulltrúar félagsins á félagssvæði KA eða í æfinga og keppnisferðum séu til fyrirmyndar og umgangist umhverfi sitt af virðingu.